

**Fundargerð 117. fundar stjórnar Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða**

Fundur haldinn í fundarherbergi FMS að Geirsgötu 9, þriðjudaginn 20.september 2016. Kl. 08:30.

Viðstaddir: Albína Thordarson formaður, Anna G. Sverrisdóttir, Halldór Halldórsson og Sævar Skaptason.

Frá FMS: Helena Karlsdóttir, Guðrún Dóra Brynjólfssdóttir og Hjörleifur Finnsson.

**Fundargerð:****1. Fundargerðir**

Farið var yfir fundargerðir 112, 113, 114, 115 og 116 þær samþykktar og undirritaðar.

**2. Gengið frá auglýsingu fyrir næstu úthlutun sem birt verður í helgarblöðum 24.-  
25.september 2016.****3. Matsblað vegna yfirferð umsókna**

Farið var yfir matsblaðið og viðmið stigagjafar. Lítilsháttar leiðréttningar gerðar.

**4. Saga- Jarðvangur-frávik**Frávik:

Óskað er eftir breytingu á styrk verknúmer 15-028. Styrkupphæð er að fjárhæð kr. 635.000,- vegna verkefnis Viðbótarframlagi í Rammaskipulag fyrir Sögu jarðvang. Styrkur var veittur til að ljúka vinnu við rammaskipulag fyrir Sögu jarðvang með heildstæðu meti göngu- og reiðleiða auk kortlagningar jarð- og söguminja. Markmið styrkveitingar er að stuðla að heilstæðri og sjálfbærri uppbyggingu ferðamannastaða og –leiða á svæði jarðvangsins.

Þegar hefur verið greitt 254.000.- en svo virðist sem sá peningur hafi ekki verið nýttur og liggar inn á banka hjá þeim. Þessi styrkur var eins og segir viðbótarframlag við styrk sem þau fengu árið 2013 með verknúmerinu 13-266 en því verkefni lauk með skil á lokaskýrslu 1.nóvember 2014.

Um er að ræða algjörlega nýtt verkefni sem felst í; Hönnun, framleiðslu og uppsetningu á inngöngu- og yfirlitsskiltum fyrir Sögu jarðvang. Ætlunin er að nýta þann pening sem þau þegar hafa fengið og síðan afganginn af styrkupphæðinni og ljúka verkefninu á þessu ári.

Niðurstaða:

Ljóst er að breytingin á verkefni 15-028 rúmast ekki innan ákvörðunar iðnaðar- og viðskiptaráðherra frá 2015 þar sem telja verður að um nýtt verkefni sé að ræða frá upphaflegri umsókn.

Stjórnin er hlynnt breytingunni og leggur til við ráðherra að fallist verði á beiðni Sögu jarðvangs

Minnisblað verður sent til ráðherra.

**5. Listi yfir umsækjendur í FF10 sem óskuðu eftir rökstuðningi fyrir höfnun.**

1. Reykjavíkurborg fyrir 6. mál:
  - 1602093
  - 1602096
  - 1602118
  - 1602122
  - 1602124
  - 1602134
2. Mýrdalshreppur vegna 1510346
3. Kerlingafjallavinir vegna 1602034
4. Eyja- og Miklaholtshreppur vegna 1602070
5. Dalvíkurbyggð vegna 1510307
6. Svæðisgarðurinn Snæfellsnes 1510156
7. Langanesbyggð vegna 1510341
8. Esjuferja ehf. vegna 1510317
9. Akraneskaupstaður fyrir tvö mál: 1510290 (Guðlaug) og 1510291 (Breiðin).

**6. Önnur mál**

- Breytingar á 7. gr og 13.gr *Reglugerðar um starfsreglur Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða* hafa verið samþykktar.
- FF9 er í ferli en fjölmögum verkefnum enn ólokið þ.e. lokaskýrslur ekki borist. Starfsmenn FMS eru í viðræðum við Umhverfisráðuneytið og stjórn verður upplýst um framvindu mála á næsta fundi.
- Stjórnargáttin opnuð þar sem fyrirhugað er að öll gögn verða sett inn á næstu vikum. Unnið verður í stjórnargátinni í veturn.
- Umsóknareyðublaðið er í ferli. Endanleg útkoma verður tilbúin í næstu viku.
- Til stendur að Hjörleifur og Guðrún fari í stutta ferð um Norðausturland og Norðurland í byrjun október og kanni aðstöðu á nokkrum stöðum sem fengið hafa styrk frá FF. Staðir og dagskrá kynnt síðar.

Fundi slitið kl. 10:00

Næsti fundur verður 26. október 2016

Fundargerð ritaði Guðrún Dóra Brynjólfssdóttir, sérfræðingur FMS.

Undirskrift stjórnar:

The image shows four handwritten signatures in blue ink. The first signature is 'Ásthildur Þorvaldsson'. Below it is 'Þóra Þorvaldsson'. To the right of those is 'Anna Þórvardsdóttir'. At the bottom is 'Sóra Ólafsdóttir'.